Handritasafn

Landsbókasafns 170 ára

Stofnað 5. júní 1846

Sýning opnuð 17. maí 2016



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Saga handritasafns

Upphaf handritasafns má rekja til Jóns Halldórssonar (1665–1736), prófasts í Hítardal, en Jón var mikill fræðimaður.

Eftir lát Jóns tók sonur hans, Finnur (1704–1789), biskup í Skálholti, við handritum föður síns og seinna sonur Finns, Hannes (1739–1796), biskup í Skálholti. Báðir stunduðu þeir fræðastörf og juku mikið við handritasafnið.



Hannes Finnsson.

Eiginkona Hannesar var Valgerður Jónsdóttir (1771–1856), en á þeim var 32 ára aldursmunur og var Valgerður einungis 25 ára gömul þegar hún varð ekkja. Við lát Hannesar erfði hún allt handritasafnið.

Seinni maður Valgerðar var Steingrímur Jónsson (1769–1845), biskup í Laugarnesi. Hann lét sér mjög annt um handritin og jók safnið umtalsvert um sína daga.



Steingrímur Jónsson.


Eftir lát Steingríms biskups var handritasafnið, alls 393 bindi, boðið til sölu af ekkju og afkomendum Steingríms. Konungur undirritaði þann 5. júní 1846 formlegt leyfi á kaupunum og er sá dagur talinn stofndagur handritasafns.

Handritasafn Landsbókasafns jókst smám saman með gjöfum eða kaupum frá ýmsu fólki. Fram til ársins 1882 voru opinber skjöl einnig varðveitt meðal handrita í Landsbókasafni, en voru þá skilin frá og stofnað Landsskjalasafn, er nú ber nafnið Þjóðskjalasafn.

Árið 1879 voru fest kaup á handritasafni Jóns Sigurðssonar forseta, alls skráð 1342 handritanúmer. Voru þar á meðal flest handrit Jóns sjálfs en einnig mörg önnur. Árið 1901 festi Landsbókasafn kaup á handritasafni Hins íslenska bókmenntafélags. Eru það 1610 bindi úr safni Hafnardeildar og 289 úr safni Reykjavíkurdeildar eða tæp 2000 númer. Er handritasafn Landsbókasafns enn að stækka, með stórum jafnt sem smáum gjöfum á ári hverju.

Húsakynni

Handritasafninu var í upphafi komið fyrir í húsakynnum Landsbókasafns á Dómkirkjuloftinu, fylgdi því síðan yfir í Alþingishúsið og loks í Safnahúsið við Hverfisgötu. Á árum síðari heimstyrjaldar var safnið flutt að Flúðum í öryggisskyni en var svo aftur komið í Safnahúsið að loknu stríði. Árið 1962 fékk handritasafnið sér sal í Safnahúsinu og varð þá um leið sérstök deild í safninu – handritadeild. Árið 1994 fluttist safnið í núverandi húsnæði í Þjóðarbókhlöðu. Árið 2011 var nafni handritadeildar breytt í handritasafn.



Safnkostur

Í vörslu handritasafns er eitt stærsta safn íslenskra pappírshandrita og einkaskjala frá síðari öldum (16. öld til 20. aldar), eða 14.658 handrit og skjöl sem hafa verið skráð og fengið safnmark. Þessi handrit og skjöl geta verið allt frá lítilli bók til þúsunda blaðsíðna. Þá eru varðveitt í safninu um 1000 einkaskjalasöfn. Fáar heilar eða heillegar skinnbækur eru í handritasafni en þó er þar að finna á annað hundrað skinnblaða. Hin elstu eru talin vera frá því um 1100. Flest þeirra skinnblaða sem varðveitt eru í handritasafni hafa verið notuð sem bókarkápur utan um yngri handrit og eru sum því illa farin og torlæsileg.

Handritasafni Landsbókasafns hefur verið valin skammstöfunin Lbs í skrám safnsins. Á þessu eru þó tvær undantekningar. Handrit Jóns Sigurðssonar eru auðkennd með upphafsstöfum hans, JS, og handrit Bókmenntafélagsins merkt með ÍB (Kaupmannahafnardeild) og ÍBR (Reykjavíkurdeild). Handritin eru flokkuð eftir stærð þeirra og er stærðartala hluti af safnmarki hvers handrits (fol., 4to og 8vo). Einkaskjalasöfn hafa skammstöfunina Lbs en ólíkt handritum inniheldur safnmark þeirra ekki stærðartölu heldur eru þau auðkennd með stöfunum NF (nýr flokkur).

Handritaskrár

Skrár yfir handritasafnið kom út í þremur stórum bindum á árunum 1918–1937. Páll Eggert Ólason var höfundur þeirra. Fjögur aukabindi komu út á árunum 1947–1996. Voru það þeir Páll Eggert, Lárus H. Blöndal, Grímur M. Helgason og Ögmundur Helgason sem sáu um útgáfur þeirra. Hinar prentuðu skrár eru rösklega 2700 blaðsíður.

Auk heildarefnisskránna eru til á spjöldum sérstakar bréfa- og kvæðaskrár yfir hluta handritaefnisins, sem og ýmsar sérskrár, t.d. skrá um málfræðihandrit, skrá um handrit sem innihalda læknisfræðilegt efni og dagbókaskrá. Einnig eru til skrár yfir mörg af þeim einkaskjalasöfnum sem varðveitt eru í safninu. Allur safnkostur er auk þess skráður í aðfangabók daginn sem gögnin berast. Frá árinu 2013 hefur verið unnið að rafrænni handritaskrá yfir þau handrit sem safninu hafa borist síðustu áratugi og ekki voru nefnd í prentuðu skránum.

Dæmi um efni í safninu

Sálmar
Sögur
Rímur
Annálar
Ferðasögur
Almúgabækur
Veraldlegur kveðskapur
Þjóðlegur fróðleikur
Þjóðsögur
Prédikanir og bænir
Lækningaráð
Náttúrufræði
Heimspeki
Málfræði
Galdrar
Lögbækur
Ættartölur
Endurminningar og frásagnir
Dagbækur
Sendibréf
Tónlistar- og nótnaefni
Handdregnar myndir og kort
Gögn félaga og samtaka
Gögn rithöfunda og skálda
Gögn fræðimanna
Gögn almennings
Gögn úr Vesturheimi



Dagleg störf

Dagleg störf handritavarða eru afar fjölbreytt en meginstörfin felast í skráningu safnkostsins. Unnið er að því að gera safnkostinn aðgengilegri með því að skrá hann rafrænt. Unnið er að skráningu á handritum á síðunni www.handrit.is og einkaskjalsöfn eru skráð á vefinn www.einkaskjol.is. Ásamt öðrum skjalavörslustofnunum er unnið að samskrá yfir einkaskjalasöfn á Íslandi á vefnum www.einkaskjalasafn.is. Þá eru handritin yfirfarin og skráð til myndunar. Ýmis átaksverkefni hafa verið unnin sem snúa að skráningu á ákveðnum hlutum safnkostsins. Mörg verkefni eru unnin í samstarfi við aðrar stofnanir og fræðimenn, innanlands og utan.

Starfsmenn safnsins sinna ýmsum störfum sem snúa að daglegum rekstri safnsins. Þeir svara fjölda ólíkra fyrirspurna, sinna gestum á lestrarsal, sjá um útlán handritanna og hafa eftirlit með notkun þeirra. Einnig felast störfin í að taka við nýjum safnkosti sem berst reglulega og kynningum á starfsemi deildarinnar og safnkostinum. Þá sjá starfsmenn um Facebook-síðu handritasafns. Sérfræðingar í handritasafni koma að sýningarhaldi Landsbókasafns og sjá þá um að velja handrit á sýningar, skrifa sýningartexta og koma handritunum fyrir í sýningarkössum.

Útgefið efni

Þar sem mikið er af óútgefnu efni í handritasafni hefur það verið nokkuð vinsælt til útgáfu, einkum sendibréf og dagbækur frá 19. og 20. öld. Þá hefur safnkosturinn reynst mikilvægur við ritun ýmissa ævisagna og annarra fræðaskrifa.

Handritasöfnun í dag

Við söfnun handritagagna til handritasafns Landsbókasafns er meginähersla lögð á persónuleg gögn, eða svokölluð einkaskjöl. Handritasafn tekur á móti gögnum frá öllum þjóðfélagshópum og leitast þannig við að endurspegla samfélagið. Nú berast safninu einkum einkaskjalasöfn frá 20. öld en þó berast enn stök handrit eða gögn frá fyrri öldum.

